


Samtalsmottur (Talking Mats)

Helle Kristensen

Ráðgjafi

Fjölmennt, símenntunar- og þekkingarmiðstöð




Upphaf og þróun

- Joan Murphy og Lois Cameron, talmeinafræðingar, þróuðu aðferðina í Skotlandi upp úr 1998 – sjá <https://www.talkingmats.com/>
- Aðferðin var fyrst prófuð með fólki með CP og tjáskiptaerfiðleika.
- Síðan hefur hún verið prófuð og rannsökuð með fólki með ólíka tjáskiptaerfiðleika og fötlun.
- Nýlega hafa verið þróaðar leiðbeiningar til að aðlaga aðferðina að fólki á einhverfurófi – sjá: [Talking Mats Autism Guidelines](#)
- Aðferðin getur hentað fólki á öllum aldri – þeim sem nota ekkert talmál jafnt sem þeim sem notar talmál en þarf aðlögun til að íhuga og tjá skoðun sína.

Hvað er samtalsmotta?

- Myndræn framsetning á samtali sem gefur fólki tækifæri til að hugsa, tjá skoðun sína, íhuga og etv. skipta um skoðun
- Hentar vel til að eiga dýpra samtal um langanir, tilfinningar og óskir – til að gefa innsýn/heildarsýn yfir líðan eða vilja og leggja grunn að stærri ákvörðunum
- Getur hentað sem tæki til íhugunar jafnt sem til tjáningar
- Einföld aðferð en um leið margþætt – hlutverk tjáskiptafélagans mikilvægt



Aðferðin í hnotskurn

- Dökk motta rammar inn samtalið
- Grunnspjöld (e. Top Scale) efst til að flokka umræðupunkta
- Táknmynd um umræðuefnið (e. Topic) neðst
- Táknmyndir fyrir hvern umræðupunkt (e. Options) til að raða á mottuna
- Viðmælandi hvattur til að setja eina táknmynd í einu þar sem honum/henni finnst passa
- Fara yfir samtalið í lokin, gefa tækifæri til að breyta, leita eftir samþykki
- Taka mynd af samtalinu

Nokkrar meginreglur

- **Mikilvægt að viðmælandi hafi vald yfir samtalinu**
 - Gefa tíma til að hugsa, svara og endurskoða
 - Spyrja opinna spurninga – forðast já/nei-spurningar
 - Bregðast við svari á hlutlausan hátt
- **Samtalsmottan á að vera öruggt svæði til að tjá skoðun sína**
 - Huga að því hvernig viðmælandi skilur grunnsþjöldin
 - Bregðast við svari á hlutlausan hátt
- **Samtalsmottan er tæki til að eiga samtál en ekki yfirheyrslu-aðferð**
 - Spyrja opinna spurninga – forðast já/nei-spurningar
 - Bregðast við því sem viðmælandi sýnir á mottunni



Dæmi um notkun á samtalsmottu í Fjölmennt:

- Samtöl um markmiðssetningu í námi (Hvað langar þig að læra á þessu námskeiði?)
- Skipuleggja viðburði sem tengjast náminu (t.d. Kynning á vinnustað þátttakanda)
- Sjálfsmat í lok námskeiðs (Hvernig gekk að ná markmiðunum?)
- Námskeiðsmat í lok námskeiðsins (Hvað fannst þér um það sem við vorum að gera á námskeiðinu?)
- Samtöl um næstu önn (Hvað langar þig að læra á næstu önn?)

Gott að hafa í huga

- Gott getur verið að byrja á tveimur grunnspjöldum – og bæta fljótlega við „veit ekki“
- Prófa sig áfram með ólík grunnspjöld
- Tryggja að viðmælandi viti hvað verið er að ræða um
- Passa hvernig spurningar eru orðaðar og huga að bendingum
- Viðmælendur þurfa mislangan tíma til að læra aðferðina
- Lesa í *hvernig* viðmælandi svarar
 - Vera vakandi fyrir hvort raðað sé eftir munstri!
 - Sjá etv. [Talking Mats Autism Guidelines](#)